

183

21. okt.

4. gr.
Frankvæmdanefnd skal leita samninga um launakjör og hlunnindi starfsstúlkna þeirra, er að heimilishjálpi vinna, en fullt gildi hafa þeir samningar þá fyrst, er hreppsnefndin hefur samþykkt þá.

5. gr.

Fyrir heimilishjálpi ber þeim, sem hennar njóta að greiða kr. 50.00 fyrir hvern starfsdag, auk fæðis og gistingar fyrir hjálparstúlkuna. Heimilt er hreppsnefnd að veita eftirgjöf á greiðslu þessari, að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, en ekki má sú eftirgjöf leiða til skerðingar á launakjörum viðkomandi starfsstúlkunni, ef svo er tiltekið í samningnum að kaupgreiðsla þessi sé hluti af launum hennar.

6. gr.

Hreppsnefndin annast allar fjárreiður heimilishjálparinnar og skal reikningur hennar endurskoðaður með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

7. gr.

Sá halli sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr sveitarsjóði Kelduneshrepps og $\frac{1}{3}$ hluta úr rikissjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Kelduneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

184

21. okt.

AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörunum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og þar segir:

Tollskrá:			Vöru-	Verð-
Kafli.	Nr.		magns-	tollur
			tollur	tollur
			Aurar	%
39A	4b	Plötur eða þynnur úr plasti, ót. a., sléttar eða báraðar, gagnsæjar eða hálf gagnsæjar, til notkunar í stað glers, klæðningar á hús o. þ. h.	1 kg	7 8
	11h	Jarðyrkjuverkfæri úr plasti og hlutar til þeirra	—	2 2
	11i	Gluggakúplar úr plasti	—	7 30

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, **184**
en framangreindar vörur skulu undanþegnar innflutningsgjaldi. **21. okt.**

Fjármálaráðuneytið, 21. október 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigr. Klemenzson.

S A M Þ Y K K T

185

26. okt.

um borgarstjóraembættið í Reykjavík.

1. gr.

Samþykkt nr. 186 28. nóv. 1959, um skipun og skiptingu borgarstjóraembættisins í Reykjavík, er felld úr gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið ag samþykkt, samkvæmt 6. mgr. 30. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1960.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

R E G L U G E R Ð

186

26. okt.

um skemmtanaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Breiðdalshreppi og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur.

- a. Hjómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

II. flokkur.

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.